

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 27. september 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-54/2018.

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. júlí 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið af þriðja aðila, sem áður hafði fest kaup á bifreiðinni af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi gerir kröfu um að Brimborg ehf. afhendi honum tilteknar upplýsingar um ástand bifreiðarinnar.

### II

#### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni XX-000 af þriðja aðila fyrir 1.000.000 krónur þann 11. júní 2018, en sá aðili hafði fimm dögum áður áður keypt bifreiðina af Brimborg ehf. fyrir 600.000 krónur. Y, hafði hins vegar að sögn álitsbeiðanda áður auglýst bifreiðina til sölu á 1.200.000 krónur. Í álitsbeiðni krefst álitsbeiðandi þess að Y, afhendi honum gögn um ástæðu þess að fyrirtækið hafi selt bifreiðina undir ásettu verði til þriðja aðila, sem síðar seldi álitsbeiðanda bifreiðina á hærra verði. Við meðferð málsins sendi Y, inn gögn er varða ástand bifreiðarinnar og ástæðu þess að bifreiðin var seld á lægra verði en viðmiðunarverði og hefur álitsbeiðandi fengið þau gögn.

Hinn 7. september 2019 var álitsbeiðanda sent bréf fyrir hönd kæruneftndarinnar þar sem óskað var eftir að hann setti fram skýrari kröfur í málinu. Jafnframt var álitsbeiðanda leiðbeint um mögulega kröfugerð í málinu. Álitsbeiðandi svaraði bréfi nefndarinnar og sagðist vilja fá „vottun á söluauglýsingu“ Y, vegna bifreiðarinnar með upplýsingum um það hvaða gallar voru teknir fram í auglýsingu á bifreiðinni við sölu hennar til þriðja aðila.

Þann 10. september 2019 var álitsbeiðanda sent annað bréf frá nefndinni þar sem fram kom að nefndin telji sig ekki geta gefið út efnislegt álit með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum málsins. Var álitsbeiðandi upplýstur um að álitsbeiðninni yrði vísað frá nefndinni ef ekki yrðu lagðar fram skýrari upplýsingar og kröfugerð. Í svari álitsbeiðanda sagði hann að hann gæti ekki beint málinu gegn þeim aðila sem seldi honum bifreiðina vegna „aðgerða solumanns“ Y, Þá kvaðst álitsbeiðandi vilja að Y, skoði bifreiðina og „meti kostnaðinn við viðgerð á því sem þeir töldu að [bifreiðinni], leyndum göllum sem þeir vissu um og eru með skjalfast [...] en komu ekki áleiðis skjalfast í sölu sinni þó þeir selji [bifreiðina] langt undir auglýstu verði.“

Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

*„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“*

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kærunefndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Ekki verður séð að þær kröfur sem álitsbeiðandi hefur uppi í málinu séu í samræmi við úrræði kaupanda samkvæmt kaupalögum. Hefur álitsbeiðandi ekki bætt úr annmörkum á kröfugerð þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar frá nefndinni.

Þá hefur álitsbeiðandi ekki lagt fram fullnægjandi upplýsingar um ágreiningsefni eða sönnunargögn um málsatvik.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

#### IV

#### Álitsorð

Álitsbeiðni álitsbeiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson